



USK25010025

**Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um
embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
og fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2025, þriðjudaginn 8. apríl kl. 14.00 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 37. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Lykkja Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir. Fundarritari var Björg Ósk Gunnarsdóttir

Þetta gerðist:

1. Fífilsgata

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að göngupverun yfir frárein af Fífilsgötu úr norðri inn á Hringbraut til vesturs verði merkt sem gangbraut
- Að austari akrein til norðurs á Fífilsgötu, milli Hringbrautar og Burknagötu, verði merkt sem eingöngu ætluð viðbragðsaðilum

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

2. Tillaga um sérrein fyrir Strætó á Kringlumýrarbraut

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki meðfylgjandi tillögu Vegagerðarinnar um sérrein fyrir Strætó á Kringlumýrarbraut

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

3. Klappastígur

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að þrjú bifreiðastæði við Klapparstíg 38 verði merkt sem stæði fyrir leigubifreiðar
- Að eitt bifreiðastæði við Klapparstíg 28 verði merkt sem stæði fyrir leigubifreiðar



Reykjavík



Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 14.15

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir



Reykjavík



Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 28. mars 2025
USK25010001

TILLAGA

Tillaga

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að göngupverun yfir frárein af Fífilsgötu úr norðri inn á Hringbraut til vesturs verði merkt sem gangbraut
- Að austari akrein til norðurs á Fífilsgötu, milli Hringbrautar og Burknagötu, verði merkt sem eingöngu ætluð viðbragðsaðilum

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Þessar aðgerðir tengjast frágangi á Fífilsgötu í tengslum við uppbyggingu Nýs Landspítala. Á þessu svæði er töluvert um gangandi og hjólandi vegfarendur. Með áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu er útlit fyrir að þeim muni fjölga enn fremur og því er talið nauðsynlegt að bæta aðgengi þeirra á svæðinu.

Með því að merkja akrein til norðurs á Fífilsgötu sem einungis fyrir viðbragðsaðila, er hægt að tryggja lágmarksflutningstíma sjúklinga í forgangi á leið á Landspítala.


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Teikning af fyrirhuguðum umferðarmerkjum



Reykjavík



Teikning af fyrirhuguðum umferðarmerkjum



Reykjavík



RE_ Sérákvæði - Fífilsgata

Búið til	4.4.2025 07:48:31
Höfundur	Natan Freyr Guðmundsson
Móttekið dags.	2.4.2025 08:15:46
Tilheyrir	 USK25010001 - Sérákvæði um notkun vega 2025

Efni

RE_ Sérákvæði - Fífilsgata

Upplýsingar		Vinnsla	
Móttekið dags.	2.4.2025 08:15:46	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	09.07.00 Samgöngu- og umferðamál – almennt efni		
Lykilorð			

Þátttakendur	
Frá	Árni Friðleifsson (arni.fridleifsson@lrh.is)
Til	Natan.Freyr.Gudmundsson@reykjavik.is, logi.sigurjonsson@lrh.is, lrh@lrh.is
Cc	Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is, Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is, Bjorg.Osk.Gunnarsdottir@reykjavik.is

Innihald

Samþykkt án athugasemda.

Árni Friðleifsson

Aðstoðaryfirlögregluþjónn

Umferðardeild

arni.fridleifsson@lrh.is



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

Lögreglustjórinn á

höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115

105 Reykjavík

lrh@lrh.is

[4441000](tel:4441000)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 **Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**

From: Natan Freyr Guðmundsson

<Natan.Freyr.Gudmundsson@reykjavik.is>

Sent: 28.03.2025 12:56

To: Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson

<logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>

Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>;

Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>; Björg Ósk

Gunnarsdóttir <Bjorg.Osk.Gunnarsdottir@reykjavik.is>

Subject: Sérákvæði - Fífilsgata

Góðan daginn

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kv.



Natan Freyr Guðmundsson

Sérfræðingur

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.



Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 7. apríl 2025
USK25010001

TILLAGA

Tillaga um sérrein fyrir Strætó á Kringlumýrarbraut

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki meðfylgjandi tillögu Vegagerðarinnar um sérrein fyrir Strætó á Kringlumýrarbraut

Greinargerð:


Vegagerðin óskar eftir því að Reykjavíkurborg samþykki að merkja eina akrein á Kringlumýrarbraut sem eingöngu fyrir strætisvagna, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga. Fyrirkomulagið er í samræmi við tillögu og kynningu sem tekin voru fyrir á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. janúar s.á., og útfærð hefur verið í kjölfarið.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Bréf Vegagerðarinnar um fyrirhugaða strætórein á Kringlumýrarbraut.



Reykjavík



Verkmörk

-Hnitakerfi: ISN93

-Hæðarkerfi: ISH2004

020406080100

M 1:1000m

ÚTGAFA

ÚTGAFAFERILL

HANNAÐ

TEIKN.

YFIRF.



VERKNUMER

103861

VERKNUMER

DAGS.

19.03.2025

HANNAÐ.

TEIKNAD.

YFIRFARID.

MÆLT.

SAMÞ.

SH

EDJ

HJS

Feb'25

Feb'25

04.03.25

MÆLIKVARÐI

1:1000

BLAÐSTÆRD

A1

Hafnarfjarðarvegur (40-00)

Strætóreinn milli Háaleitisbrautar og Miklubrautar

Yfirlitsmynd

TEIKNINGA

NUMER

B101

ÚTGAFA



Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Efni bréfs: Umsagnarbeiðni um fyrirhugaða strætórein á Kringlumýrarbraut, milli Háaleitisbrautar og Miklubrautar, sbr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Vegagerðin vinnur nú að verkefninu *Hafnarfjarðarvegur (40-00) Strætórein milli Háaleitisbrautar og Miklubrautar* sem felst í gerð nýrrar akreinar meðfram Kringlumýrarbrautar, auk tveggja nýrra strætóstöðva. Um er að ræða gerð nýrrar akreinar á um 400 metra kafla meðfram Kringlumýrarbraut til suðurs, frá gatnamótum við Háaleitisbraut að gatnamótum við Miklubraut. Núverandi miðeyja á milli akstursstefna verður minnkuð og endurgerð, og núverandi girðing fjarlægð og nýju vegriði komið fyrir.

Siða 1/2

Ný akrein mun koma til með að bætast við þar sem miðeyjan verður minnkuð og verða þannig til þrjár akreinar til suðurs. Með þessari viðbót hyggst Vegagerðin breyta núverandi vestari akrein í sérakrein, eingöngu ætlaðri strætisvögnum sbr. heimild í 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Sérakreinin mun byrja sunnan við gatnamótin við Háaleitisbraut og verður komin í fulla breidd um 70m frá gatnamótunum. Sérreinin endar við hægra framhjáhlauð inn á Miklubraut í vestur átt. Þar með verða áfram tvær akreinar fyrir almenna umferð, þ.e. austari tvær akreinarnar, og framkvæmdunum því ekki ætlað að breyta umferð almennra ökutækja að neinu leyti. Þetta verkefni er í samræmi markmið samgöngusáttmálans um að auka hlut almenningssamgangna í ferðum á höfuðborgarsvæðinu.

Vegagerðin

Suðurláun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Samkvæmt 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga getur veghaldari kveðið á um varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar, að höfðu samráði við sveitarstjórn, og að fengnu samþykki lögreglu. Getur það t.d. átt við um bann við tiltekinni umferð eða aðrar takmarkanir á almennri umferð um veg, sbr. e. og f. liður greinarinnar. Í samræmi við þetta óskar Vegagerðin hér með eftir umsögn Reykjavíkurborgar fyrir ofangreindu.

Meðfylgjandi eru eftirfarandi skjöl:

- Teikning 103861-TEI-B101 - Yfirlitsmynd

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar.
Cecilía Þórðardóttir
Verkefnastjóri á Höfuðborgarsvæði

Undirskrift

Cille Þórðardóttir



Viðtakandi: Samgöngustjóri
Sendandi: Deild samgangna

Reykjavík, 8. apríl 2025
USK25010001

TILLAGA

Tillaga

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að þrjú bifreiðastæði við Klapparstíg 38 verði merkt sem stæði fyrir leigubifreiðar
- Að eitt bifreiðastæði við Klapparstíg 28 verði merkt sem stæði fyrir leigubifreiðar

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð: Samþykkt var að Laugavegur yrði göngugata með breytingu á deiliskipulagi árið 2019, og árið 2020 var samþykkt að gatan yrði merkt sem slík. Síðan þá hefur áunnist ágæt reynsla af göngugötunni en eitt af því sem er ljóst að vantar er aðstaða fyrir leigubifreiðar að stöðva til að hleypa inn eða út farþegum við göngugötuna á milli Frakkastígs og Ingólfsstrætis. Þessari tillögu er ætlað að taka á því vandamáli með því að merkja fjögur bifreiðastæði í Klapparstíg sem eingöngu fyrir leigubifreiðar.



Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Fyrirhugaðar staðsetningar á stæðunum



Reykjavík





RE_ Sérákvæði - Stæði fyrir leigubifreiðar

Búið til	8.4.2025 09:28:00
Höfundur	Natan Freyr Guðmundsson
Móttekið dags.	8.4.2025 09:24:57
Tilheyrir	 USK25010001 - Sérákvæði um notkun vega 2025

Efni

RE_ Sérákvæði - Stæði fyrir leigubifreiðar
--

Upplýsingar		Vinnsla	
Móttekið dags.	8.4.2025 09:24:57	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	09.07.00 Samgöngu- og umferðamál – almennt efni		
Lykilorð			

Þátttakendur	
Frá	Árni Friðleifsson (arni.fridleifsson@lrh.is)
Til	Natan.Freyr.Gudmundsson@reykjavik.is, logi.sigurjonsson@lrh.is, lrh@lrh.is
Cc	Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is, Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is, Bjorg.Osk.Gunnarsdottir@reykjavik.is

Innihald

Sæl öll. Við (LRH) fögnum þessu og samþykkjum án athugasemda ! Teljum þó rétt að benda á að á Klapparstíg er verulegt vandamál með stöðu leigubifreiða sérstaklega að næturlagi um helgar. Klapparstigurinn er orðinn nokkuð vinsæll vegna skemmtistaða sem eru þar og mikill mannfjöldi safnast saman á svæðinu. Þrjú stæði á Klapparstíg fyrir ofan Laugaveg er ágætis byrjun en varla nægjanleg til að mæta þeim vandamálum sem skapast þarna.
--

Við (LRH) hvetjum Reykjavíkurborg að huga að fjölgun stæða á Klapparstíg fyrir leigubifreiðar og það væri t.d. hægt að hafa mun fleiri leigubifreiðastæði sem væru tímasett og merkt þannig. Föstudagar og Laugardagar frá kl 23:00-05:00 er full þörf á mun fleiri stæðum.

Árni Friðleifsson

Aðstoðaryfirlögregluþjónn

Umferðardeild

arni.fridleifsson@lrh.is



[UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI](#)

Lögreglustjórinn á

höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115

105 Reykjavík

lrh@lrh.is

[4441000](tel:4441000)



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 **Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**

From: Natan Freyr Guðmundsson

<Natan.Freyr.Gudmundsson@reykjavik.is>

Sent: 08.04.2025 08:25

To: Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>; Logi Sigurjónsson

<logi.sigurjonsson@lrh.is>; LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>

Cc: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>;

Bjarni Rúnar Ingvarsson <Bjarni.Runar.Ingvarsson@reykjavik.is>; Björg Ósk

Gunnarsdóttir <Bjorg.Osk.Gunnarsdottir@reykjavik.is>

Subject: Sérákvæði - Stæði fyrir leigubifreiðar

Góðan daginn

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar á meðfylgjandi sérákvæði um umferð.

Kv.



Natan Freyr Guðmundsson

Sérfræðingur

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur



Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.